

GJALDSKRÁ

fyrir byggingarleyfis- og þjónustugjöld í Reykjanesbæ.

1. gr.

Við útgáfu byggingarleyfa og vegna annarrar þjónustu sem umhverfis- og skipulagssvið Reykjanesbæjar veitir skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um.

1.1. Íbúðarhúsnæði.

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðal- og séruppdráttu sem nauðsynlegir eru til að fullgera bygginguna að innan sem utan. Innifalið í gjaldinu er byggingarleyfisgjald, gjald vegna út- og hæðarsetningar lóða, lögbundið byggingareftirlit og áfangaúttektir, útgáfa fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar. Að auki eru gjöld vegna ástands- og stöðuúttekta, grenndarkynninga, yfirferð umfangsmikilla séruppdráttu, samkvæmt mati byggingarfulltrúa hverju sinni.

	kr.
1.1.1. Einbýlishús	109.750
1.1.2. Parhús, tvíbýlishús, raðhús á einni hæð	92.810 pr. íbúð
1.1.3. Raðhús á fleiri en einni hæð, fjölbýlishús með þremur íbúðum	79.280 pr. íbúð
1.1.4. Fjölbýlishús, tvær hæðir, með fjórum íbúðum eða fleiri	69.050 pr. íbúð
1.1.5. Fjölbýlishús, þrjár hæðir og hærri með fjórum íbúðum og fleiri	59.930 pr. íbúð
1.1.6. Umsýslugjald vegna umfangsminni grenndarkynninga	14.300
1.1.7. Umsýslugjald vegna umfangsmeiri grenndarkynninga	48.500
1.1.8. Byggingar- og afgreiðslugjald – lágmarksgjald	10.696

Byggingar- og afgreiðslugjald er lágmarks Umsýslugjald.

Vegna aðkeyptar þjónustu við yfirferð umfangsmikilla og/eða aukaséruppdráttu er heimilt að innheimta fyrir þá þjónustu sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni, þó án virðisauka fyrir sveitarfélagið.

1.2. Atvinnu- og þjónustuhús og stofnanir, húsnæði með íbúðum.

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðal- og séruppdráttu sem nauðsynlegir eru til að fullgera bygginguna að innan sem utan. Innifalið í gjaldinu er byggingarleyfisgjald, gjald vegna út- og hæðarsetningar lóða, lögbundið byggingareftirlit og áfangaúttektir, útgáfa fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar. Að auki eru gjöld vegna ástands- og stöðuúttekta, grenndarkynninga, yfirferð umfangsmikilla séruppdráttu, samkvæmt mati byggingarfulltrúa hverju sinni.

	kr.
1.2.1. Gólfplötur allt að 500 fermetrar	109.750
1.2.2. Gólfplötur 500 til 1.000 fermetrar	192.140
1.2.3. Gólfplötur 1.001 til 2.000 fermetrar	282.910
1.2.4. Gólfplötur 2.001 til 5.000 fermetrar	417.310
1.2.5. Gólfplötur stærri en 5.000 fermetrar	553.710

1.3. Ýmis hús og hvers konar viðbyggingar.

Neðangreind gjöld miðast við eina yfirferð aðal- og séruppdráttu sem nauðsynlegir eru til að fullgera bygginguna að innan sem utan. Innifalið í gjaldinu er byggingarleyfisgjald, gjald vegna út- og hæðarsetningar lóða, lögbundið byggingareftirlit og áfangaúttektir, útgáfa fokheldisvottorðs og vottorðs vegna lokaúttektar. Að auki eru gjöld vegna ástands- og stöðuúttekta og grenndarkynninga.

	kr.
1.3.1. Sólstofur, garðhús, bílageymslur fyrir mest 2 bíla, gripahús og viðbyggingar allt að 20 fermetrar	49.460
1.3.2. Viðbyggingar 20 til 100 fermetrar	650 pr. ferm.

Byggingarleyfisgjöld af viðbyggingum sem eru stærri en 100 fermetrar skulu vera þau sömu og byggingarleyfisgjöld af því húsnæði sem byggt er við.

2. gr.

2.1. Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

Fyrir neðangreinda umsýslu ber að greiða eftirtalin gjöld:

	kr.
2.1.1. Staðfestingargjald vegna lóðaúthlutunar, óendurkræft	3.850
2.1.2. Endurskoðun aðaluppdráttá	10.450
2.1.3. Endurnýjun byggingarleyfis án breytinga	7.480
2.1.4. Auka vottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	17.160
2.1.5. Vottorð um ástandsskoðun vegna vín- og veitingaleyfa	17.160
2.1.6. Vottorð um framkvæmdaleyfi	17.160
2.1.7. Vottorð um tímabundið stöðuleyfi fyrir gáma, hjólhýsi o.fl.	12.375
2.1.8. Eignaskiptayfirlýsing, hver umfjöllun	4.730 pr. eignahl.
2.1.9. Breyting á lóðarleigusamningi	27.200

2.2. Meiriháttar breytingar á samþykktu deiliskipulagi.

Viðkomandi hagsmunaaðili sjái um breytingarnar á sinn kostnað, þó að undanskildum auglýsinga-kostnaði.

3. gr.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar er heimilt er að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. 53. gr. laga nr. 73/1997, enda nemi þau ekki hærri fjárhæð en sem nemur kostnaði við að veita þjónustuna.

4. gr.

Breytingar á fjárhæð gjalda.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2009 og breytast 1. janúar ár hvert, til samræmis við breytingar á vísitölunni. Byggingarvísitala í janúar 2009 er 489,6 stig.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 53. gr. laga nr. 73/1997 og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í bæjarstjórn Reykjanesbæjar, 6. október 2009.

Árni Sigfússon bæjarstjóri.